

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2009

2009/EES/47/05

frá 29. maí 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílheiti (endurútgefin) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/121/EB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti liðar 4b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB).
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4b:
„4c. **32008 L 0121**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílheiti (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/121/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. maí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 38.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.